

Því. Að vísu hafa vitnin ekki sjeð hina stefndu fá Wendel í hendur hin umtöluðu hlutabryf Gránufjelagsins, en með því að hann strax eptir viðræðu sína við hana sagði þeim, að hin stefnda hefði fengið sjer þau í hendur sem trygging fyrir borgun áminnstrar skuldar, og hin stefnda hinsvegar ekki hefur gjört neina tilraun til að sanna sögusögn sína um loforð Wendels, verður að álíta, að áfrýjandinn hafi leitt næg rök fyrir heimild sinni til að halda hinum umþráttuðu hlutabryfum, þangaðtil hin stefnda hefur uppfyllt skuldbindingar sínar við hann.

Samkvæmt framantöldu ber að dæma áfrýjandann sýknan af kærum og kröfum hinnar stefndu í þessu máli, en málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir málavöxtum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandinn, verzlunarstjóri S. Richter, á að vera sýkn af kærum og kröfum hinnar stefndu, Sigríðar Magnúsdóttur, í þessu máli, en að öðru leyti vístast málinu frá yfirdóminum. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Mánudaginn 21. júnímán.

Nr. 11/1880

Eiríkur Ásmundsson

gegn

E. Egilsson fyrir hönd

dánarbús O. P. Möllers.

D ó m u r:

Með stefnu, dagsettri 30. marzmán. næstl., hefur áfrýjandi þessa máls, Eiríkur Ásmundsson, skotið til yfirdómsins dómi, gengnum fyrir bæjarþingit Reykjavíkur kaupstaðar 18. desembermán. f. á., og er hann með þeim dómi skyldaður til að greiða stefnda 219 kr. 92

a. og 5% vexti af þessari upphæð frá sáttakærudegi til borgunardags, svo og 12 kr. í málskostnað. Hefur hann krafizt, að hann verði dæmdur sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda í þessu máli, gegn því, að hann borgi stefnda 70 kr., og að hinn stefndi verði skyldaður til að greiða sjer málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi skadlaust eða með einhverju nægilegu, annaðhvort skilyrðislaust, eða með því skilyrði, að hann treysti sjer til að vinna eið að þeirri sögn sinni, að hann hafi ekki látið taka út eða tekið út peninga þá og vörur, er getur um í hiaum framlagða reikningi yfir viðskipti hans við verzlun Ó. P. Möllers heitins, að hafi verið afhentar öðrum en sjálfum honum, konu hans eða syni. — Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að undirrettardómurinn verði staðfestur.

Skuldakrafa sú, sem hjer er umtalsefni, felst í reikningi ódagsettum og óundirskrifuðum, en sem málsþörtunum hefur komið saman um að sje viðskiptareikningur áfrýjanda við verzlun Ó. P. Möllers heitins. Í reikningi þessum er fólgið sumpart það, sem áfrýjandi hefur sjálfur tekið eða látið taka út, eptir því, sem talast hefur til undir rekstri málsins, 70 kr., sumpart stefnukostnaður, sem svo er nefndur í reikningnum, að upphæð 2 kr. 33 aurar, og loks það, sem ýmsir aðrir hafa tekið út, að upphæð 147 kr. 59 aurar. — Af þessum samtals 219 kr. 92 aurum hefur áfrýjandi talið sig fúsan til að greiða hinar fyrstnefndu 70 kr.

Að því nú fyrst snertir hinn svonefnda stefnukostnað, sem, eptir því sem sjeð verður, er kostnaður útaf sáttatilraun, sem farið hefur fram fyrir rúmum 2 árum, þá fær rjetturinn ekki sjeð, að nein heimild hafi verið til að rita þenna kostnað í verzlunarreikning áfrýjanda, eða að hann standi í neinu því sambandi við þetta reikningsmál, að krafa stefnda viðvíkjandi þessum

pósti verði til greina tekin, og á áfrýjandi því, að því þessa upphæð snertir, að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda.

Það er ekki sannað af hinum stefnda, að heimild hafi verið frá áfrýjanda til að rita í verzlunarreikning hans það, sem aðrir hafa tekið út en hann sjálfur, kona hans og sonur, og áfrýjandi hefur stöðugt neitað því, að hann hafi gefið leyfi til þess. Það virðist því, að því þenna hluta kröfunnar snertir, að upphæð 147 kr. 59 aurar, að verða að ráða úrslitum, hvort áfrýjandi treystir sjer til að vinna eið að því að þetta hafi verið tekið út í reikning hans að honum fornspurðum eða mót vilja hans og vitund. Vinni hann svofelldan eið, á hann, að því þessa upphæð snertir, að vera sýkn af kærnum og kröfum stefnda í þessu máli. En treysti hann sjer ekki til að vinna svolátandi eið, ber honum að greiða 147 kr. 59 auru með 5% vöxtum frá 15. septbr. 1879 og þangaðtil greitt verður.

Eins og áður á vikið hefur áfrýjandi boðizt til að greiða — án þess þó að hann hafi talið fram fjeð — 70 kr. af reikningnum, og ber því að dæma hann skyldan til að borga þær með 5% vöxtum frá 15. septbr. 1879 til þess lokið verður.

Málkostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjanda, Eiríki Ásmundssyni, ber að greiða stefnda, E. Egilssen, fyrir hönd dánarbús Ó. P. Möllers, 70 krónur með 5% vöxtum frá sáttakærudegi, 15. septbr. 1879, til þess fje þetta verður greitt.

Svo framárlega sem áfrýjandi eptir löglegan unbirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því,

að vörur þær og peningar, að upphæð alls 147 kr. 59 aurar, sem aðrir en hann sjálfur, kona hans eða sonur, hafa fengið út við Möllers verzlun, hafi verið tekið út úr reikningi hans að honum fornspurðum eða móti vilja hans og vitund, á hann, að því þessa upphæð snertir, að vera sýkn af kær-um og kröfum stefnda í þessu máli. En treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, ber honum að greiða stefnda 147 kr. 59 auru með 5% vöxtum frá 15. septbr. 1879 til borgunardags. Að öðru leyti á hann í þessu máli að vera sýkn af kröfum stefnda.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

20/1880

Hið opinbera  
gegn

Þórarni veitingamanni Finnbogasyni.

D ó m u r :

Með dómi, gengnum fyrir lögreglurjetti Norðurmúla-sýslu 10. dag janúarmán. þ. á., er hinn kærði, Þórarinn veitingamaður Finnbogason, fyrir að hafa haldið dansleik sunnudagskvöldið 14. desembermán. f. á., dæmdur í 10 kr. sekt til hlutaðeigandi fátækra sjóðs og málskostnað. Þessum dómi hefur eptir ósk hins kærða verið skotið til yfirdómsins.

Það er sannað í máli þessu, að hinn kærði hefur sunnudagskvöldið 14. dag desembermán. f. á. á heimili sínu eða í veitingahúsi sínu leikið á hljóðfæri, og að fáeinir karlar og konur hafa nokkra stund stígið